

## Fundur nemendaráðs Oddeyrarskóla 27.09.2013

Mættir: Jónína, Sævar, Addi, Lárus, Óli, Birta

Fundarritari: Jónína

### Umræðuefni fundar:

1. Valið var nafn á stofu 101 eftir nafnasamkeppni síðustu viku. Nafnið á stofunni er Kleppur 101
2. **Farið var yfir reglur nemendaráðs Oddeyrarskóla**
  - a) Breytingartillaga á grein nr 1. breyta nafni úr nemendafélag í nemendaráð.
  - b) Breytingartillaga á grein nr 2. nemendur úr 6-10. bekk mega sitja í nemendaráði. Hver og einn fulltrúi í nemendaráði má sitja tvö ár í senn. Starfsreglur nemendafélags var
3. Rætt var um hvort Oddeyrarskóli ætti að taka þátt í Gettu betur. Það var samþykkt einróma.
4. Kjósa **formann nemendaráðs**: Alexandra var kosin sem formaður. Ef hún treystir sér ekki í starfið verður kosið á milli Adda og Lárusar sem voru í öðrusæti í kosningunni.
5. Kjósa **fulltrúa í skólaráð**: Lárus úr nemendaráði. Sævar býður nemanda úr 10. bekk að vera í skólaráði.
6. Semja bréf til foreldra og athuga hvort til sé málning og húsgöng á lausu sem hægt er að nota í Kleppur 101. Ákveðið var að semja bréfið á næsta fundi.
7. **Kleppur 101**:
  - a) Myndasamkeppni til að mála á norðurvegginn í stofunni. Hver og einn kynni keppnina á mánudaginn 30. sept. Skila á inn mynd til Stínu ritara. Keppnin er frá mánudeginum 30. sept til fimmtudagsins 10. okt.
  - b) Taflborð.
8. **Keppnistreyjur**:
  - a) sækja um styrki til fyrirtækja í næsta nágrenni við skólann. Nemendaráðið sér um að fara.
  - b) Jónína semur bréf sem þau fara með í fyrirtækin og hún skoðar með tilboð í treyjur.
9. **Hettupeysur**: Allir í nemendaráði skoða tanni.is og skoða hettupeysurnar og velja 4 liti sem hægt er að hafa á peysunum. Jónína athugar með tilboð.

Næstu skref í framhaldi af fundi

Næsti fundur er 11. október.

